

Miðvikudaginn 20. desember 1995.

Nr. 160/1994.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Guðrúnu Jakobsdóttur

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Bifreiðir. Skaðabætur. Líkamstjón. Slysatrygging ökumanns. Örorkumat. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. apríl 1994. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði einungis dæmdur til að greiða hluta af kröfu stefndu með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. apríl 1990 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi, og gerðust þau fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 28. gr. Áfrýjandi hefur viðurkennt bótaskyldu sína á grundvelli 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en ágreiningur er um útreikning og fjárhæð bóta og vexti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir mati tveggja dómkvaddra manna, Jóns Guðgeirssonar yfirlæknis og Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans, á fjárhagslegri örorku stefndu. Matsgerð þessi er fullgilt sönnunargagn, og hæfi matsmanna til að láta í té álit um það, sem um var beðið, verður ekki dregið í efa, enda sætti dómkvaðning þeirra ekki andmælum af hálfu stefndu. Hinir dómkvöddu matsmenn meta tímabundna fjárhagslega örorku stefndu í ýmsum hlutföllum frá slysdegi 3. apríl 1990 til 1. júní 1991, en varanlega fjárhagslega örorku meta þeir 3%. Þá telja matsmenn, að varanleg

læknisfræðileg örorka hennar sé hæfilega metin 10%, en dr. Atli Þór Ólason læknir, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, hafði áður metið þá örorku stefndu 15%.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til læknisfræðilegrar örorku og hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta. Eigi eru forsendur til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð, svo sem máli þessu og sönnunargögnum er háttað. Hinir dómkvöddu matsmenn hafa haft til hliðsjónar áverka af svipuðum toga, sem stefnda mun hafa orðið fyrir 16 árum áður, en engra læknisfræðilegra gagna nýtur um í málinu. Sjálf bar stefnda fyrir héraðsdómi, að þeir áverkar hefðu engin áhrif haft á starfsgetu hennar. Þykir því álít matsmannanna á varanlegri læknisfræðilegri örorku stefnda ekki til þess fallið að hnekkja örorkumati dr. Atla Þórs Ólasonar.

II.

Við úrlausn kröfugerðar stefndu verður miðað við örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 25. mars 1992, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi er þar áætlað svo:

- | | |
|-----------------------------------|-------------------|
| 1. Vegna tímabundinnar örorku | 1.163.800 krónur. |
| 2. Vegna varanlegrar örorku | 2.572.300 krónur. |
| 3. Vegna tapaðra lífeyrisréttinda | 154.300 krónur. |

Samkvæmt dómvenju er rétt, að bætur til stefndu vegna varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Miðað við kröfugerð stefndu verður sá frádráttur einnig látinn ná til verðmætis tapaðra lífeyrisréttinda. Þá koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slysatryggingar samkvæmt IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, 268.873 krónur.

Bótakrafa stefndu vegna tímabundinnar örorku nam 1.163.800 krónum í héraði, en í hinum áfrýjaða dómi voru henni dæmdar 200.000 króna bætur vegna þessa kröfuliðar til viðbótar við innborgun frá áfrýjanda fyrir höfðun þessa máls, að fjárhæð 513.878 krónur. Stefnda krefst staðfestingar á þessari niðurstöðu. Rétt er, að framangreind innborgun komi til frádráttar kröfu vegna tímabundinnar örorku. Af örorkumati dr. Atla Þórs Ólasonar læknis og

framburði stefndu fyrir héraðsdómi er ljóst, að hún hefur unnið töluvert og fengið launagreiðslur á því skeiði, er örorka hennar var metin tímabundin. Engin gögn eru í málinu um þær greiðslur þrátt fyrir áskorun áfrýjanda til stefndu um framlagningu þeirra. Þykir við svo búið ekki unnt að taka þennan kröfulið til greina umfram það, sem felst í áðurnefndri innborgun.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá þeirri varnarástæðu, að skylda til greiðslu miskabóta hvíli ekki á honum á grundvelli þeirrar tryggingar, sem stefnda byggir rétt sinn á. Þykja bætur fyrir miska hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

III.

Með hliðsjón af framangreindum forsendum þykir stefnda eiga rétt á bótum úr hendi áfrýjanda, að fjárhæð 1.800.000 krónur. Stefnda hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og verður vaxtaákvörðun héraðsdóms staðfest.

Áfrýjandi skal greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefndu, Guðrúnu Jakobsdóttur, 1.800.000 krónur með 3% ársvöxtum frá 3. apríl 1990 til 1. október sama ár, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 25. mars 1992, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 20. apríl sama ár, vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 29. október sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvext-

ir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 29. október 1993.

Áfrýjandi greiði stefndu 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

Mál þetta höfðaði Guðrún Jakobsdóttir, kt. 220660-5599, Lindarbergi 28, Hafnarfirði, með stefnu, dags. 21. október 1992, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík. Málið var dómtekið 27. janúar sl.

Stefnandi krefst greiðslu á 2.409.402 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður.

I.

Stefnandi varð fyrir slysi 3. apríl 1990, þar sem hún ók bifreiðinni R-8273 eftir Miklubraut í Reykjavík. Varð slysið með þeim hætti, að stefnandi hafði stöðvað bifreiðina og leitaðist við að koma henni út af akbrautinni, er aðvífandi bifreið ók aftan á bifreið stefnanda. Krefur stefnandi í málinu um bætur vegna áverka þeirra, er hún hlaut við þennan árekstur. Reisir hún kröfu sína á hendur stefnda á því, að stefndi hafi váttryggt ökumann bifreiðarinnar R-8273 með slysatryggingu ökumanns skv. umferðarlögum nr. 50/1987. Stefndi játar greiðsluskyldu, en ágreiningur aðila er um fjárhæð bóta, vexti o. fl.

II.

Slys þetta varð nokkru fyrir kl. 8 um morguninn, en klukkan rúmlega 9 kom stefnandi sjálf á slysadeild Borgarspítalans vegna áverka sinna. Er áverkunum og meðferð, er hún naut, lýst í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, dags. 29. mars 1991. Segir þar m. a.:

„ . . . kvaðst hún hafa hlotið talsverðan hnykk á hálsinn. Hún kvaðst einu sinni áður hafa orðið fyrir svipuðu slysi. . . .

Skoðun við komuna á slysadeild leiddi eftirfarandi í ljós: Vöðvar aftan til á hálsi báðum megin miðlínu virtust spenntir og ofurlítið aumir. Hreyfingar í hálsi voru ekki skertar að ráði af sársauka.

Hún fékk mjúkan stuðningskraga við hálsinn til þæginda og var ávísað lyfjum í því skyni að draga úr tognunarþægindum.

Guðrún kom til eftirlits á göngudeild slysadeildar 26/4. Hún kvað liðanina hafa farið skánandi á tímabili, en aftur versnað síðustu daga. Hún

kvartaði um, að hún hefði stöðuga verki frá hálsi og upp í höfuð svo og út í eyru og enn fremur legði verkina út í axlir. Preifileysli virtust á vöðvunum aftan til á hálsi og ofan á öxlum. Ástandi sjúklings er ekki nánar lýst í þetta sinn.

Þessu næst kom Guðrún á slysadeild 17/5. Hún kvaðst hafa verið í meðferð hjá sjúkrahjálfurum tvisvar í viku að undanfögnu. Hún kvaðst enn hafa verk í hálsi, og eysli virtust á vöðvum á svipuðum stað og áður, aftan til á hálsi og niður á axlir og niður með herðablöðum.

Gert var ráð fyrir, að hún héldi áfram í meðferð hjá sjúkrahjálfurum.

Þess er getið og þá væntanlega haft eftir sjúklingi sjálfum, að hún hafi byrjað að vinna um 50-60% vinnu 14/5, og er hún sögð þola þá vinnu vel. Gert var ráð fyrir, að Guðrún kæmi síðan til eftirlits að sex vikum liðnum.

Guðrún kom 10/7. Kvartaði hún þá um, að hún fengi oft slæm höfuðverkjaköst, og auk þess verki í hálsi og herðum. Hún kvaðst hafa verið í meðferð hjá sjúkrahjálfurum og auk þess tekið lyf til þess að reyna að hafa áhrif á verkina. Í þetta sinn er hún sögð hafa unnið 60% vinnu frá og með 30/5 í sínu fyrra starfi sem hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir á Landspítalanum. Pennan tíma er hún þó sögð einkum hafa sinnt foreldrafræðslu og öðrum léttum störfum.

Skoðun leiddi eftirfarandi í ljós: Vöðvar aftan til á hálsi svo og ofan á herðum beggja vegna virtust spenntir og nokkuð aumir og hreyfigeta í hálsúlu talsvert skert. Gert var ráð fyrir, að sjúklingur héldi áfram í meðferð hjá sjúkrahjálfurum, og auk þess var henni ávísað lyfi til þess ætluðu að draga úr tognunarópægindum. Enn fremur var henni vísað í skoðun og hugsanlega meðferð til Ragnars Finnssonar lækis.

Guðrún er sögð hafa verið í sumarfrí síðustu tíu daga. Skv. bókun í sjúkraskrá er gert ráð fyrir, að hún reyni að fara að vinna 60% vinnu. Væntanlega er þá átt við, að hún taki aftur upp það starf, sem hún sinnti aðallega, áður en hún varð fyrir slysinu í apríl, í stað þeirrar fræðslu og leiðbeiningarstarfa, sem hún segist hafa sinnt, eftir að hún fór aftur til hlutastarfa eftir slysið.

Guðrún kom næst á slysadeild 20/8, og skoðaði undirritaður hana þá í fyrsta skipti. Hún veitti þá þær upplýsingar, að hún hefði farið í sprautu-meðferð hjá Ragnari Finnssyni lækni í eitt skipti, en líðanin heldur versnað við þá meðferð og óvíst um framhald þeirra meðferðartilrauna. Þó kvað hún gert ráð fyrir, að hún færi í skoðun til Ragnars að viku liðinni.

Guðrún kvaðst hafa verið í meðferð hjá sjúkrahjálfurum meira og minna og kvað líðan sína jafnan hafa skánað eitthvað eftir hverja meðferð, en þó jafnan sótt aftur í sama horf. Hún kvað líðan sína hafa farið skánandi einn

til tvo fyrstu mánuðina eftir slysið, en síðan enga verulega breytingu hafa orðið. Hún kvaðst hafa meiri og minni samfellda verki frá hnakkagróf hægra megin og niður og út á hægri öxl og jafnvel nokkuð niður fyrir axlarlið, en ekki lengra fram í handlegg. Þá kvað hún verki oft og tíðum leggja niður bakið milli hægri herðablaðs og hryggjar. Hún kvaðst hafa meiri tilhneigingu til að fá höfuðverk en hún hafði fyrir slysið í apríl. Hún kvaðst hafa unnið 60% starf sem ljósmóðir á Landspítalanum, og væri það jafnaðarlega erfitt starf. Af þessum sökum kvaðst hún íhuga að skipta um starf, í bili a. m. k.

Skoðun leiddi eftirfarandi í ljós: Almennt ástand var eðlilegt að sjá. Allveruleg þreifiefymsli virtust vera á hægri sjalvöðva allt frá hnakkagróf og út á öxl svo og nokkuð niður með hægra herðablaði. Hreyfingar í hálsi voru sæmilega liprar. Reiging aftur á við virtist þó nokkuð sár og eins sveigja til vinstri. Hreyfingar í aðrar áttir virtust ekki aumar.

Venjuleg meðferð við tognunaróþægindum sýndist hafa verið reynd og án verulegs árangurs. Ráðlegt þótti, að sjúklingur sækti sjúkrahjálfunar meðferð eftir þörfum til þess að halda einkennunum innan hóflegra marka, enda þótt vitað væri, að sú meðferð myndi ekki uppræta einkennin eða orsakir þeirra. Ráðlegt sýndist, að sjúklingur reyndi að skipta yfir í léttari vinnu í einhverja mánuði, ef hún ætti þess vö.

Guðrún kom síðast á slysadeild 1/10 sl. Kvaðst hún hafa unnið 60% starf á fæðingardeild, þar til hún fór til Mallorca viku af september. Hún kvaðst hafa dvalist ytra hálfan mánuð og líðanin verið skárri, meðan hún var í heitu umhverfi. Eftir að hún kom heim, kvað hún hins vegar aftur hafa sótt í sama horf. Eftir að hún kom úr fríi, kvaðst hún hafa skipt um vinnu og vera nú í 75% starfi við Heilsugæslustöðina á Seltjarnarnesi. Guðrún tók fram, að hún hefði unnið fullt starf á fæðingardeild, áður en hún varð fyrir slysinu í byrjun apríl, en vegna slyssins hafa orðið að minnka vinnuna niður í 60% starf, þegar hún byrjaði að vinna aftur eftir slysið. Fyrstu mánuðina kvaðst hún hafa unnið við leiðbeiningar, kennslu og önnur létt störf, en í júlí og ágúst sína venjulegu vinnu við að taka á móti börnum. Hún kvað líðanina hafa versnað við svo erfiða vinnu og kvaðst hafa verið illa haldin eftir hverja vakt.

Guðrún kvað öll einkenni vera svipuð og þau hefðu verið mánuðum saman, þ. e. a. s. veruleg tilhneiging til að fá höfuðverk. Þá kvaðst hún að jafnaði hafa verk hægra megin í hálsi og á hægra axlarsvæði svo og niður eftir baki hægra megin. Síðustu dagana kvað hún hafa borið nokkuð á verkjum framan á hægri öxl svo og framan á hægra viðbeini.

Við skoðun virtist ástandið svipað og það hafði áður verið. Þreifíeymsli virtust vera í hnakkagróf, a. m. k. hægra megin miðlínu og væg eymsli á sjalvöðvum ofan á hægri öxl svo og niður með hægra herðablaði. Talsverð þreifíeymsli virtust vera á afturtindum neðstu hálsliða. Reiging höfuðs aftur á við virtist talsvert sár og nokkuð hindruð, en aðrar hreyfingar í hálsinum virtust ekki aumar að ráði.

Sjúklingur kvaðst sækja sjúkraþjálfun öðru hverju og fá hita- og nudd-meðferð og einhverja bylgjumeðferð, og drægi þessi meðferð úr mestu óþægindum í bili, en fljótlega sækti aftur í sama horf.“

Atli Þór Ólason læknir mat varanlega örorku stefnanda. Er matsgerð hans dagsett 29. janúar 1992. Segir þar m. a.:

„Við fyrstu komu kvartaði hún um verki í hálsi, hnakka, höfði, brjóstbaki öllu svo og mjóbaki, meira hægra en vinstra megin. Einnig kvartaði hún um verkjaleiðni niður í viðbein. Stundum fannst henni hægri handleggur, sérstaklega upphandleggur, bólgnar upp og hún finna fyrir máttleysistilfinningu í handleggnum. Þá verður hún vör við fjörfisk í auga. Hún er ekki ljósfælin.

Við skoðun var göngulag og limaburður eðlilegur. Vinstri öxl var lítið eitt hástæðari en hin hægri. Hryggur var beinn.

Í hálsi voru eymsli yfir hryggtindum öllum svo og eftir endilöngum hálsvöðvum og efri hluta brjósthryggjarvöðva og herðavöðva. Hreyfingar hálsliða voru skertar, sérstaklega fyrir fram- og afturbeygju svo og hliðarsveigju til beggja átta. Snúningshreyfingar voru innan eðlilegra marka. Verkir komu fram í lok allra hreyfinga. Líkamsskoðun var a. ö. l. eðlileg svo og taugaskoðun.

Hinn 26. 10. 1990 kom slasaða til eftirlits. Hún sagðist vera hætt að vinna og vera í sjúkraþjálfun. Hún hafði minni verki og eymsli, og hreyfingar í hálsi voru betri. Taugaskoðun var eðlileg. Ráðlagt var, að hún væri áfram í sjúkraþjálfun og hvíld frá vinnu.

Við eftirlit 3. 12. 1990 var hún byrjuð í sjúkraþjálfun, var enn óvinnufær, sagðist þola lítið álag, vera mest heima við og gæti tekið til og unnið létt heimilisverk. Hún sagði, að fjörfiskur í auga væri horfinn. Hún hafði óþægindi í herðum, hálsi, hnakkafestum, einkum hægra megin, svo og hægri öxl. Auk þess hafði hún höfuðverk. Verkur niður eftir baki var nú horfinn, og lá hann nú einkum milli herðablaða. Hún sagði, að þungur jakki svo og mikil ganga yllu vaxandi verkjum í hálsi og herðum. Skoðun leiddi í ljós eymsli yfir hryggtindum í hálsi, og hreyfingar voru nú betri en áður og vöðvaeysli minni. Hún fékk verkja- og bólgueyðandi lyf og var ráðlögð áframhaldandi sjúkraþjálfun.

Hinn 15. 1. 1991 kom Guðrún til eftirlits. Hún skýrði frá höfuð- og háls-

verkjaköstum í desember og janúar, sem komu fram sérstaklega við kulda, auk þess við álag. Hún segist hafa unnið dálítið í verslun fyrir jólin, en ekki almennilega getað beitt sér við vinnuna. Við skoðun voru eymsli yfir hryggindum og töluverð vöðvaspenna, en eymsli voru þó heldur minni en við síðustu skoðun.

Við eftirlit 28. 2. 1991 var Guðrún almennt heldur betri, bólga í vöðvum minni. Verkir voru enn í hálsi svo og milli herðablaða. Kuldi hafði verulega slæm áhrif á verkina. Hún sagðist hafa unnið á sængurkvennagangi sem ljósmóðir frá 1. 2. 1991 í hálfu starfi. Skoðun leiddi í ljós eymsli yfir 5., 6. og 7. hálshryggjartindi svo og yfir 5. brjósthryggjartindi. Hreyfingar í hálsi voru nánast fríar, vöðvaeysli voru nú mjög lítil.

Við endurkomu 18. 4. 1991 var Guðrún ennþá í hálfu starfi. Henni hafði versnað, eftir að hún hætti í sjúkrapjálfun. Hún hafði verið að vinna sem flugfreyja á sumrin, en hafði sleppt því sumarið 1990 vegna afleiðinga slyssins. Við endurkomu 31. 5. 1991 sagðist Guðrún hafa haft orðið aukna verki, meðan hún var í sjúkrapjálfun, og hafi hún því hætt henni og verkir þá heldur minnkað. Hún var nú með verki í hálsi, sem leiddi út í viðbein og axlarhyrnuliði svo og í upphandlegg og olnboga. Hún vann hálft starf sem flugfreyja. Skoðun var eins og áður.

Hinn 30. 9. 1991 kom slasaða til eftirlits. Hún hafði þá unnið fullt starf sem flugfreyja frá því í júní. Vinnan var talsvert mikil, og fannst henni óþægindi í hálsi og herðum versna mjög mikið við það. Hún hafði í hyggju að minnka starfið um helming vegna óþæginda. Hún hafði nú verki í hálsi, milli herðablaða og einnig yfir brjósthryggjarliðum. Óþægindi komu sérstaklega við álag svo og í kulda, en skánuðu í hita. Hún hafði útgeislandi verk út í hægri viðbein, hægri upphandlegg og olnboga. Höfuðverkur hafði farið minnkandi.

Við endurkomu 5. 12. 1991 skýrði Guðrún frá því, að hún hefði verið í hálfu starfi sem flugfreyja í nóvember og desember. Hún hefði verið í sjúkrapjálfun hjá Mætti frá nóvember 1991; hafði nú kvartanir frá höfði, herðum, hálsi og hægri axlarhyrnuliði. Skoðun leiddi í ljós eymsli á þessum stöðum, en hálshreyfingar voru nánast eðlilegar.

Starfsgeta.

Guðrún er menntuð sem hjúkrunarkona með sérnám í ljósmóðurstörfum. Hún starfaði sem ljósmóðir á fæðingardeild Landspítalans í fullu starfi fyrir umferðarslysið 3. 4. 1990. Eftir slysið var hún óvinnufær fram í júlí. Hún var ekki fær um að sinna ljósmóðurstarfinu vegna verkja í hálsi, herðum og baki. Hún gat hins vegar sinnt fræðslu fyrir foreldra.

Guðrún hafði gjarnan unnið sem flugfreyja á sumrin, en sleppti því sumarið 1990 vegna háls- og herðaóþæginda. Hún reyndi að vinna 60% starf sem ljósmóðir, en sagðist hafa átt mjög erfitt með það. Hún hætti því ljósmóðurstarfinu og fór að vinna sem hjúkrunarkona á Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi frá 1. 10. 1990 í u. þ. b. 70% starfi, en hætti því í lok október vegna óþæginda í hálsi. Hún var síðan alveg frá vinnu vegna hálsóþæginda allt fram til loka janúar 1991. Frá 1. 2. 1991 vann hún í 50% starfi sem ljósmóðir á sængurkvennagangi á Landspítalanum. Hún hætti því starfi í maí 1991. Í júní til október 1991 starfaði Guðrún í fullu starfi sem flugfreyja, en í nóvember og desember í hálfu starfi. Frá 12. 1. 1992 hefur hún aftur tekið að sér 50% starf á sængurkvennagangi á Landspítalanum.

Lokaskoðun.

Hinn 29. 1. 1992 kom slasaða til viðtals og lokaskoðunar hjá undirrituðum í Læknastöðinni Álfheimum 74, Reykjavík. Hún staðfesti sjúkrasögu, eins og að framan er getið.

Hún kvartar um verki frá höfði og hálsi, hnakka, herðum svo og milli herðablaða. Óþægindin koma sérstaklega við allt álag og vinnu fram fyrir sig, t. d. yfir ungabörnum, en einnig við áreynslu, s. s. lyfta upp þungu, vinna upp fyrir sig og því um líkt. Hún hefur ekki treyst sér til að vinna við það starf, sem hún er menntuð til, þ. e. ljósmóðurstarfið, nema í hlutastarfi. Þykir henni það mjög sárt. Hún fær óþægindi í hálsi í köldum veðrum.

Skoðun.

Eymsli finnst í hálsi og herðavöðvum og yfir neðstu hryggþindum í hálsi. Þá eru eymsli yfir og í kringum 6. brjósthyggjarliðbol. Langvöðvar brjóstbaks eru eilítið aumir. Hreyfingar í hálsi voru fríar fyrir fram- og afturbeygju svo og snúningshreyfingar. Hliðarsveigjur voru hins vegar dálítið skertar. Allar hreyfingar voru sárar. Skoðun á taugakerfi var eðlileg.

Samantekt og álit.

Hinn 3. 4. 1990 var ekið aftan á kyrrstæða bifreið, er Guðrún Jakobsdóttir sat í og var ökumaður. Við áreksturinn hlaut hún hnykk á háls og brjósthrygg og hefur síðan haft greinileg einkenni um hálstögnun. Ekkert hefur komið fram, sem bendir til áverka á bein- eða taugavef. Allt frá slysinu hefur hún haft áreynslubundna verki í hálsi og herðum, sem leitt hefur niður eftir brjóstbaki, mislangt þó. Verkirnir koma fram við störf í frambeygju, s. s. að taka á móti börnum eða halda þeim uppi, ryksuga, skúra, setja á snúrur og því um líkt. Þá er hún viðkvæm fyrir kulda svo og mjög miklu

vinnuálagi og löngum vinnudegi. Meðferð með lyfjum, hálskraga svo og hjá sjúkrapjálfa hafa dregið úr einkennum hennar, en þó koma þau ætíð aftur við álag. Þannig virðist álags- og þar með starfsgeta hennar vera skert. Varanleg örorka vegna háls og brjóstþryggjar er metin 15%.

Sérstaklega er rétt að taka fram, að slasaða mun væntanlega vera ófær um að sinna því starfi, sem hún hefur sérstaklega menntað sig til, en það er ljósmóðurstarf. Virðist hún eingöngu geta stundað það í hlutastarfi.

Niðurstaða.

Við umferðarslysið 3. 4. 1990 varð Guðrún Jakobsdóttir fyrir eftirfarandi starfsorkuskerðingu:

Tímabundin örorka:

Frá 3. 4. 1990 til 30. 6. 1990 ... 100%.

Frá 1. 7. 1990 til 31. 10. 1990 ... 50%.

Frá 1. 11. 1990 til 31. 1. 1991 ... 100%.

Frá 1. 2. 1991 til 31. 5. 1991 ... 50%.

Frá 1. 6. 1991 til 31. 10. 1991 ... 0%.

Frá 1. 11. 1991 til dagsins í dag ... 50%.

Eftir það varanleg örorka ... 15%."

Að kröfu stefnda voru við meðferð máls þessa kvaddir af dóminum þeir Jón Guðgeirsson yfirlæknir og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður til að meta heilsufar og vinnugetu stefnanda. Matsgerð er dagsett 7. október 1993. Segir þar m. a.:

„Í matsbeiðni Haralds Blöndals hrl. er viðfangsefni matsmanna nánar skilgreint á þann veg, að þeir skuli láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvort stefnandi hafi af völdum nefnds slyss orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið er til menntunar hennar, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hún á til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til, að hún starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka hennar.

2. Ef talið verður, að hún hafi eða muni hljóta tímabundna eða varanlega fjárhagslega örorku af völdum slyssins, óskast hún metin í hundradshlutum.

3. Hvort fallast megi á örorkumat dr. Atla Þórs Ólasonar bæklunarlæknis út frá læknisfræðilegum sjónarmiðum, og ef ekki, hver sé tímabundin og varanleg örorka stefnanda af völdum slyssins.

Matsþoli var spurður um hagi sína og afleiðingar slyssins. Þá skoðaði matsmaðurinn Jón Guðgeirsson læknir hana og kannaði afleiðingar slyssins frá læknisfræðilegu sjónarmiði.

...

IV. Heilsufarssaga.

G. J. kveðst alltaf hafa verið líkamlega hraust, en 17 ára gömul varð hún fyrir svipuðum áverkum, er hún var farþegi í bifreið, sem ekið var aftan á. Hún kveðst þá hafa fengið hnykk á hálsinn, en ekki hlotið þau óþægindi, að hún þyrfti að leita sér lækninga þess vegna. Árið 1986 var hún í meðferð vegna vöðvabólgu í herðum og hálsi. Þá kveðst hún tvisvar hafa þurft að leita sér lækninga vegna verkja í mjóbaki, áður en hún lenti í umræddu slysi.

V. Skoðun.

— — —

Stoðkerfi.

Hálshryggur:

Eðlilega lagaður, engin stöðuskekkja. Háls- og herðavöðvar mjúkir og eymslalausir. Hún uppgefur bankeymsli yfir sjötta brjósthyggjarliðbol. Vöðvar á brjóstbaki eru mjúkir og eymslalausir. Kraftur í hálsvöðvum virðist eðlilegur. Beygja fram á við í hálsi er aðeins skert, vantar 2 cm upp á, að haka nái niður í bringubein. Við fulla afturbeygju kvartar hún um verk í hnakkagróf hægra megin. Snúningur til vinstri og hægri er eðlilegur og óþægindalaus, sömuleiðis hliðarhalli til hægri og vinstri.

VI. Ályktun og niðurstaða.

1) G. J. hefur álagsbundna verki í háls- og herðavöðvum, einkum hægra megin, og fær oftast höfuðverk en fyrir slysið. Þetta eru dæmigerð tognunareinkenni, sem komið hafa eftir slysið 3. apríl 1990. Hafa verður í huga, að G. J. varð fyrir svipuðum áverkum fyrir 16 árum og haft áður einkenni um vöðvabólgu í hálsi og herðum. Þessi tognunareinkenni hafa verið mismikil, en að mestu viðloðandi, frá því að slysið varð. Röntgenmyndir af hálslíðum voru eðlilegar. Hér virðist vera um dæmigerð einkenni um hálstognun að ræða eftir aftanákeyrslu, og eftir líkum eru þessi einkenni varanleg að því leyti, að slasaða verður yfirleitt að gæta sín fyrir visst álag. Í þessu tilfelli er líklegt, að afleiðing fyrri áverka og tilhneiging slösuðu að fá bólgu í umrædda vöðva hafi magnað afleiðingar slyssins 3. apríl 1990.

2) Fyrir umrætt slys var G. J. í fullu starfi. Læknisfræðilegt mat á tekjuöflunarhæfni miðast við sjúkdómseinkenni slösuðu, þ. e. verkir og fleira, starfsemi líffærakerfa og stoðkerfis, eins og kemur fram við skoðun. Auk þess þarf að taka tillit til andlegra og félagslegra þátta eins og t. d. menntunar. Með tilliti til allra þessara þátta eru allar líkur á því, að G. J. aðlagi

sig, þegar tímar líða, að þeim einkennum og skertri hæfni, sem hún verður að búa við vegna afleiðinga áverkans.

3) G. J. hefur álagsbundna verki í hálsi og herðum og niður á milli herðablaða, sérstaklega hægra megin. Í örorkumati Atla P. Ólasonar 29. janúar 1992 er ekki getið um fyrri áverka né að slasaða hafi áður þurft að leita sér lækninga vegna óþæginda frá þessum svæðum. Eins og áður er getið, teljum við, að taka þurfi tillit til þess við mat á afleiðingum slyssins 3. apríl 1990. Við teljum Guðrúnu hafa hlotið læknisfræðilega tímabundna örorku frá slysdegi til 13/5 1990 100%, frá 14/5 til 7/9 1990 40%, frá 8/9 til 1/6 1991 25% og síðan varanlega örorku 10%.

VII. Guðrún er fædd 22. febrúar 1960 og var því 30 ára á slysdegi. Hún lauk hjúkrunarnámi 1984 og ljósmæðranámi 1989. Ljósmæðranámið tók tvö ár. Hún hefur unnið, frá því að hún lauk námi, sem hjúkrunarfræðingur á Landspítala, Húsavíkurspítala og Borgarspítala. Frá 1986 hefur hún unnið sem flugfreyja um þrjá mánuði á hverju sumri, hjá Arnarflugi fram að slysi, en eftir það hjá Atlantsflugi. Hún ól barn í maí 1992. Guðrún er í sambúð og vinnur ekki utan heimilis nú.

Í þeim skattframtölum, sem fyrir liggja, má sjá, að u. þ. b. 13% tekna sinna hefur hún aflað með flugfreyjustörfum.

Tekjur Guðrúnar fyrir slys koma fram í útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, en hann hefur ekki talið fært að miða útreikning sinn við meðaltal þriggja ára fyrir slysið, þar sem Guðrún var þá við ljósmæðranám. Hann hefur í útreikningi sínum miðað við tekjur ársins 1988, 989.578 kr.

Eftir slysið er ekkert ár, sem búast má við, að Guðrún hafi haft fullar eðlilegar tekjur fram að þessu, þar sem tímabundin örorka hennar varði frá slysinu til 29. janúar 1992 samkvæmt örorkumati A. P. Ó., en síðan getur ekki heitið, að hún hafi verið við vinnu utan heimilis.

Enda þótt Guðrún afli nú ekki tekna með vinnu utan heimilis, stafar það ekki af slysinu. Gera má ráð fyrir, að hún muni, er fram líða stundir, aftur fara að vinna utan heimilis og þá einkum við hjúkrunar- eða ljósmóðurstörf. Búast má við, að afleiðingar slyssins muni há henni við vinnu, en ekki hafa nein varanleg áhrif á tekjuöflun hennar af fastri og fullri vinnu á þessu sviði. Til framtíðar má búast við, að hún muni veigra sér við af þessum ástæðum að taka að sér aukavinnu eða yfirvinnu umfram fastan vinnutíma. Þá mun hún að öllum líkindum leggja af vinnu sem flugfreyja, annaðhvort nú þegar eða fyrr en annars hefði orðið. Gera má ráð fyrir, að með aldrí myndi þetta hvort tveggja hafa orðið án tillits til slyssins. Er það mat okkar,

að Guðrún hafi hlotið tímabundna fjárhagslega örorku frá slysdegi til 13/5 1990 100%, 14/5 til 7/9 1990 40%, 8/9 til 1/6 1991 25%, en síðan varanlega fjárhagslega örorku 3%.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi tekist á hendur slys-
tryggingu öðrumanns bifreiðar hennar, sbr. 92. gr. umferðarlaga. Skv. 3. gr.
skilmála váttryggingarinnar skuli ákveða bætur eftir reglum skaðabótaréttar
um ákvörðun bóta fyrir líkamstjón.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

Tímabundin örorka	kr. 1.163.800.
Varanleg örorka	– 2.572.300.
Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	– 154.300.
Miskabætur	– 200.000.

Frá þessu kveðst stefnandi draga 513.878 kr., er greiddar hafi verið inn á
kröfuna. Þá kveðst hún lækka liði 1-3 um 30% vegna eingreiðslu og skatta-
hagræðis. Fæst þannig stefnufjárhæðin 2.409.402 kr. Við aðalmeðferð máls-
ins bætti stefnandi við frádrætti vegna greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins
vegna slysatryggingar skv. IV. kafla laga um almannatryggingar, 268.873 kr.

Kröfugerðin er miðuð við örorkutjónsútreikning Jóns Erlings Þorlaks-
sonar tryggingastærðfræðings. Er útreikningurinn miðaður við tekjur stefn-
anda árið 1988, en stefnandi var á þessum tíma í Ljósmeðraskóla Íslands
og lauk þar námi 1989. Skýrir Jón það með því, að það ár sé tekjuhæsta árið
af þremur síðustu árum fyrir slysið.

IV.

Stefndi telur, að örorkumat það, sem stefnukröfur eru reistar á, gefi ekki
vísbendingu um tekjutap stefnanda til frambúðar. Að fenginni matsgerð
hinna dómkvöddu matsmanna vísar hann til niðurstöðu þeirra um, að
tekjumissir stefnanda muni verða 3%, og telur, að reikna beri stefnanda
bætur í samræmi við það.

Stefndi mótmælir kröfu vegna tekjumissis af tímabundinni örorku og
skoraði í greinargerð á stefnanda að leggja fram gögn til stuðnings þeirri
kröfugerð.

Stefndi krefst meiri lækkunar bóta vegna skatt- og eingreiðsluhagræðis
en fram koma í kröfugerð stefnanda. Þá telur hann tap lífeyrisréttinda
ósannað.

Miskabótakröfu mótmælir stefndi sérstaklega. Segir hann, að stefnandi
geti ekki fengið miska úr eigin hendi. Þá kröfu eigi stefnandi á þann, sem
hafi ekið á hana.

Þá mótmælir stefndi vöxtum, einkum upphafstíma dráttarvaxta.

Kröfugerð stefnanda í máli þessu er að formi til um bæt看 á grundvelli samnings um slysaftryggingu. Samningsákvæði mæla fyrir um bæt看, ákveðnar eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Með hliðsjón af forsögu 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og orðalagi vaftryggingarskilmála stefnda verður niðurstaðan sú, að ákveða skuli bæt看 úr slysaftryggingunni efnislega á sama hátt og skaðabæt看 utan samninga eru ákveðnar. Jafnframt verður að ákveða fjárhæð, er samsvarar miskabótum.

Það er meginregla í íslenskum skaðabótarétti, að bótaskyldur aðili skuli bæta tjónþola allt tjón hans. Frá þeirri reglu eru ekki undantekningar, sem skipta máli við úrlausn sakarefnis þessa máls. Við ákvörðun bóta fyrir varanlegt líkamstjón hefur læknisfræðilegt örorkumat verið haft til viðmiðunar um, hversu miklu tjónþoli muni tapa af framtíðartekjum sínum. Hins vegar hefur það ekki verið gildandi regla, að bæt看 skuli ákveðnar í hlutfalli við örorkumatið. Víkið hefur verið frá mati bæði til hækkunar og lækkunar eftir atvikum hverju sinni.

Í framkvæmd hefur örorkumat verið notað sem sönnunargagn um áhrif áverka á vinnugetu og þar með tekjuöflunarhæfi tjónþola. Að jafnaði hafa önnur sönnunargögn ekki verið færð fram um það efni. Þetta leiðir hins vegar ekki til þess, að örorkumatið hafi að gildandi rétti fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 verið einhvers konar löggilt sönnunargagn eða að reglan væri sú, að bætt skyldi í réttu hlutfalli við læknisfræðilega örorku. Dómstólar hafa leitast við að finna sjálfstætt mat á hverju tilviki fyrir sig og þannig ákvarðað bæt看 í raun með hliðsjón af atvikum í hverju máli, en þó haft í huga hlutlægni og jafnræði.

Ljóst er, að í mati um framtíðartekjur getur ekki falist örugg ákvörðun, sem í allflestum tilvikum reynist vera rétt. Á það einkum við, þegar um er að ræða áverka, er hindra ekki tjónþola algerlega við fyrra starf. Mætti vafalaust leiða að því líkur með rannsóknum, að örorkumat sé því sem næst aldrei nákvæmlega rétt að þessu leyti. Slíkar rannsóknir hafa ekki verið gerðar, svo að kunnugt sé.

Læknisfræðilegt örorkumat stendur á traustum fræðilegum grunni. En þó að það sé sagt, verður ekki fullyrt meira en svo, að það gefi almenna lýsingu á líkamsástandi viðkomandi, en sé ekki nauðsynlega nein heimild um tekjuöflunarhæfi, eins og áður segir, án tillits til þess, hver á í hlut, menntunar viðkomandi, starfsreynslu og fleiri atriða. Hins vegar verður að líta til þess, að tilgangur matsins er einmitt að komast að niðurstöðu um það atriði, en mælikvarði þess er tiltölulega almennur og e. t. v. að einhverju leyti úreltur.

Matsgerð sú, sem aflað hefur verið í máli þessu, lýsir ekki, svo að heitið geti, þeim fræðilega grunni, sem niðurstaða hennar er reist á. Þá verður að líta til þess, að matsmenn voru lækniir annars vegar og lögfræðingur hins vegar. Viðurkenna verður hæfni lækna til að meta tekjuöflunarhæfni manna á forsendum fræðigreinar sinnar, en fullvíst er, að lagaþekking er ekki nauðsynleg forsenda slíks mats og bætir ekki að neinu leyti fræðilegan grundvöll að slíku mati. Þá kom fram hjá matsmanninum Jóni Guðgeirsyni, er hann kom fyrir dóm, að stefnandi ætti í erfiðleikum við ljósmóðurstarfið, en hann kvaðst telja, að hún gæti sinnt ýmsum störfum ljósmæðra. Er raunar fullyrt í örorkumatsgerð Atla Þórs Ólasonar, að stefnandi muni ekki geta sinnt ljósmóðurstarfinu nema í hlutastarfi.

Þá kom fram, að matsmenn litu til þess, að stefnandi hefði áður fengið svipaðan áverka. Gögn liggja ekki frammi í málinu um eldri áverka stefnanda eða veikindi.

Þegar litið er til þessa, auk þess sem viðfangsefni matsgerðarinnar verður allt að því að teljast vera ágiskun, og jafnframt höfð hliðsjón af ákvæðum VI. og IX. kafla laga nr. 91/1991, verður matsgerðin ekki lögð til grundvallar sem sönnunargagn um tekjutap stefnanda um ókomna tíð. Miða verður við, að stefnandi hafi verið sæmilega heilsuhraust fyrir slys það, sem hér er til umfjöllunar.

Ljóst er af gögnum málsins og þegar fram komnum staðreyndum, að áverkar stefnanda munu há henni verulega við störf framvegis. Þykir, eins og á stendur, ekki unnt að miða við annað en það örorkumat, er Atli Þór Ólason gerði og hann hefur staðfest og skýrt nánar fyrir dómi. Hafa verður þó í huga, að bætur verða ákveðnar fyrir þau varanlegu mein, sem stefnandi hefur hlotið, en ekki verður leyst sérstaklega úr því, hvernig beri að meta örorku stefnanda til stiga.

Sannað er, að áverkar stefnanda munu hamla henni við launuð störf og aðra iðju um alla framtíð. Með hliðsjón af þeim örorkutjónsútreikningi, sem lagður hefur verið fram, lýsingum á áverkum og starfi stefnanda og menntun, þykir rétt að ákveða í einu lagi bætur vegna varanlegrar örorku og tapaðra lífeyrisréttinda svo og miskabætur. Verða þær ákveðnar 2.000.000 kr.

Gögn eru ekki fjölskrúðug um þegar fram komið tekjutap stefnanda, en ljóst er, að vinnugeta hennar hefur verið lítil frá slysdegi talið, einkum vegna slyssins. Verður lagt til grundvallar, að innborganir stefnda, að fjárhæð 513.878 kr., hafi gengið til að bæta tjón skv. þessum lið.

Verða bætur til stefnanda því ákveðnar samtals 1.931.127 kr., er dregin hefur verið frá greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins.

Niðurstaða máls þessa er reist að öllu leyti á gögnum, er lögð voru fram í dóminum við þingfestingu málsins. Þykir rétt að dæma dráttarvexti frá þingfestingardegi 29. október 1992. Að öðru leyti dæmast vextir svo sem í dómsorði greinir.

Málkostnaður ákveðst 400.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Guðrúnu Jakobsdóttur, 1.931.127 kr. með 3% ársvöxtum frá 3. apríl 1990 til 1. október 1990, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1991, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1991, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1991, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1991, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1991, 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1991, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 25. mars 1992, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 20. apríl 1992, vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá þeim degi til 29. október 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 29. október 1993.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 kr. í málkostnað.